

Skrifstofa STEFs, Laufásvegi
40, 101 Reykjavík, er opin 10-
12 og 13-15 virka daga, s. 561-
6173, fax 562-6273, heimasíða
www.stef.is

Viðmiðun: jan 2012
Gjöld fylgja lánskjvíst.
ársfjórðungslega,
viðmiðun nú er 7594

STEF

Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar

Með vísun til auglýsingar um gjaldskrá STEFs nr. 101, 1993, gjaldskrár SFH (Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda) nr. 214, 1996 og 1.gr. laga nr. 13, 1995, eru gjöld fyrir flutning tónlistar á árinu 2012 eftirfarandi:

A. Af aðgangseyri (að meðtöldum sköttum og opinberum gjöldum) að einstökum dansleikjum, tónleikum, samkvæmum og öðrum samkomum, þar sem tónlist er flutt, skal greiða **4%**, þó aldrei lægri fjárhæð en sem hér segir:

	STEFgjald	SFHgjald	alls
Ef gestir eru 100 eða færri	kr. 4.679	2.807	7.486
Ef gestir 101-200	kr. 14.037	8.422	22.459
Ef gestir eru 201-300	kr. 21.055	12.633	33.688
Hvert byrjað hundrað yfir 300	kr. 6.434	3.860	10.294

B. Ef efnt er til samkomu samkvæmt A-lið án þess að það sér gert í fjáröflunarskyni (t.d. engin aðgöngumiðasala), skal greiða lágmarksfjárhæð.

C. Af aðgangseyri (að meðtöldum sköttum og opinberum gjöldum) að úti-hátíðum eða útisamkomum, þar sem tónlist er flutt ásamt öðru efni, skal greiða **3%**, þó aldrei lægri fjárhæð en þrjá fjórðu hluta af lágmarksfjárhæð samkvæmt staflíð A.

D. Ef notuð er tónlist af hljóðritum s.s. hljómplötum, geisladiskum og/eða tónböndum eða frá útvarpi, greiðist **60%** álag á STEFgjald, sbr. gjaldskrá SFH, Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda.

E. Af aðgangseyri að kvikmyndasýningum (að meðtöldum öllum sköttum og opinberum gjöldum) skal greiða **1%**. Lágmarksgjald, sem kvikmyndahús skulu greiða, hvort sem um er að ræða fastan rekstur eða ekki er kr. 117 á hvert sæti eða kr. 11.697 á ári.

F. Af aðgangseyri að leiksýningum (að meðtöldum öllum sköttum og opinberum gjöldum) skal greiða 0,25-1%, eftir því hversu mikil tónlist er flutt í hlutaðeigandi leikverki.

Ýmis atriði varðandi gjaldskrá STEFs

1.

STEFgjald sbr. A-lið er ákveðin prósentu af aðgangseyri og verður aldrei lægra en ákveðið lágmarksgjald. Skattar og opinber gjöld eru ekki dregin frá aðgangseyri áður en gjaldið er reiknað. Ef 4% af aðgangseyri eru t.d. kr. 5.000 og fjöldi samkomugesta 201-300, þá ber að greiða lágmarksgjald sem er kr. 21.055 auk SFHgjalds vegna hljóðrita.

2.

Í B-lið gjaldskrár er átt við samkomu, þar sem ekki er selt inn eða kostnaðinum af samkomunni er deilt niður á samkomugesti eða aðra og ekki ætlast til neins tekjuafgangs. Slíkar samkomur eru t.d. þorablót, árhátíðir með borðhaldi og dansleikir 17. júní. Af slíkum samkomum ber að greiða STEFgjald samkvæmt lágmarksgjaldskrá.

3.

Greiða ber STEFgjald af öllum samkomum "lokuðum" sem "almennum".

4.

Samkvæmt D-lið gjaldskrár greiðist 60% álag á STEFgjald þegar um diskótek er að ræða. Þegar slíkt álag er greitt skal greiðandi geta þess í skilagrein.

5.

Þeir aðilar, sem láta í té húsnæði til samkomuhalds, þ.á.m. til tónleikahalds, bera ábyrgð á greiðslu STEFgjalds, sbr. gjaldskrá STEFs, staðfesta af menntamálaráðuneytinu. Ábyrgð þessi hefur verið staðfest af dómstólum.

6.

Samkomuhaldara ber að greiða STEFgjald til félagsheimilis strax að lokinni samkomu. Að gefnu tilefni eru forstöðumenn félagsheimila alvarlega áminntir um að láta í engu tilviki hjá líða að innheimta STEFgjald, þótt viðkomandi samkomuhaldari (hljómsveit o.fl.) haldi því fram, að hann þurfi ekki að greiða gjaldið. Félagsheimilið ber sjálft ábyrgð á greiðslu þess. Telji viðkomandi sig ekki STEFgjaldskyldan, skal hann snúa sér til skrifstofu STEFs með beiðni um endurgreiðslu, ásamt kvittun fyrir greiðslu STEFgjalds í viðkomandi félagsheimili.

7.

Gjalddagi STEFgjalds er næsti virki dagur eftir samkomu, en 10. hvers mánaðar eftir á, ef staðgreiðslu verður ekki við komið. Eindagi STEFgjalds er 20. hvers mánaðar. Frá þeim tíma má búast við innheimtuáðgerðum á kostnað skuldara.

8.

Að kröfu endurskoðanda STEFs (lögskipuð endurskoðun) er aflað lögregluskýrslna um allt samkomuhald.

9.

STEFgjald af kvikmyndasýningum og leiksýningum greiðist ársfjórðungslega 15. dag hvers mánaðar eftir ársfjórðungslök. Með greiðslu skal fylgja skilagrein þar sem fram kemur, hver heildarsala aðgöngumiða var.

10.

Þegar tónleikar eru haldnir skal efnisskrá þeirra send STEFi með uppgjöri.